

Nd.

185. Nefndarálit

[116. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 29. apríl 1967, um skólakostnað.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Menntamálanefnd hefur athugað frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. vill afgreiða frv. óbreytt, en minni hl. n. er andvígur því.

Efni frv. er það, að framlag ríkissjóðs til skólabygginga 1969 verði miðað við fjögurra ára greiðslutímabil til hvernar framkvæmdar í stað þriggja ára. Af þessu ákvæði frv. mundi leiða, ef samþykkt yrði, að hver skóli, sem er í byggingu, mundi aðeins fá $\frac{1}{4}$ af framlagi ríkissjóðs til byggingarinnar á næsta ári, í stað $\frac{1}{3}$ hluta, sem gildandi lög ákveða. Þar sem mjög skortir á skólahúsnaði í landinu, telur minni hl. n., að ekki komi til greina að draga úr fjárframlögum til skólabygginga, og leggur því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 16. des. 1968.

Sigurvin Einarsson,
frsm.

Magnús Kjartansson.

Hannibal Valdimarsson.